

Frú Vigdís Finnbogadóttir, herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, aðrir góðir gestir.

Eins og alþjóð veit var Vigdís Finnbogadóttir kjörin forseti sumarið 1980. Ég var þá á áttunda ári og þannig vildi til að um sama leyti og niðurstaðan í forsetakosningunum lá fyrir flutti ég ásamt foreldrum mínum og systur til Eskilstuna í Svíþjóð. Ekki get ég nú haldið því fram að ég hafi fylgst grannt með kosningunum og aðdraganda þeirra en ég varð hins vegar fljótt var við það ytra hve mikill merkisatburður það þótti vera að Íslendingar hefðu kosið sér konu til forseta, þá fyrstu á heimsvísu. Þetta var iðulega það fyrsta sem bar á góma þegar við fjölskyldan mynduðum kynni við nýja vini og kunningja í Svíþjóð og þegar skólinn hófst um haustið þurfti ég fyrst að beita þeirri litlu sænsku sem ég hafði lært um sumarið til þess að gera grein fyrir Vigdís og kjöri hennar. Þarna var ég auðvitað bara barn og gat svo sem mest litlar upplýsingar veitt um íslenskt samfélag, en vangaveltum kennara minna og samnemenda fylgdi hins vegar undantekningalítið ósk um að ég segði nú eitthvað á íslensku. Nú, tæpum 40 árum síðar, man ég vitaskuld ekkert hvað ég sagði, en viðbrögð viðmælenda minna eru mér hins vegar öllu minnisstæðari. Öllum þótti nefnilega stórmerkilegt að heyra þau fáu orð sem ég stundi upp og höfðu á orði að þau væru undarleg blanda af annars vegar kunnuglegum grunntón og hins vegar einhverjum sérvískulegum skringilegheitum, sem helst enduðu á -ur – og þar bætti raunar ekki úr skák að við systkinin heitum Finnur og Hildur, en Svíarnir gátu ómögulega skilið hvernig það gengi upp að nota þetta á bæði kynin. Heilt á litið fannst Svíunum þetta því svolítið eins og að skella einhverju rötsterku framandi kryddi á kjötbollurnar í IKEA.

Þessi saga er bara eitt lítið dæmi um það hvernig Vigdís varð strax með kjöri sínu að einhvers konar sendiherra íslenskrar menningar og tungu, bæði beint og óbeint. Það er í sjálfu sér ekki að undra þar sem einmitt þessir þættir voru alla tíð mjög áberandi í forsetatíð Vigdísar og hafa ekki síður staðið henni nærri eftir að henni lauk. Þennan tón sló Vigdís strax í innsetningarræðu sinni árið 1980 en þaðan eru þekkt orð hennar um orðin sem kastala okkar Íslendinga sem geymir allan hag okkar og hugsun. Í ræðunni benti hún líka á, svo notuð sé orð hennar sjálfrar, „að það er íslensk tunga sem öðru fremur gerir okkur að Íslendingum. Tungan geymir sjóð minninganna, hún ljær okkur orðin um vonir okkar og drauma. Hún er hið raunverulega sameiningartákn okkar og sameiningarafl.“ Með þessum orðum undirstrikaði Vigdís hve miðlæg tungan er í sjálfsmynd okkar, kannski enn miðlægari en hjá flestum öðrum þjóðum enda þótt tiltekin þjóðtunga sé víðast nefnd sem undirstaða viðkomandi þjóðar. Hér standa jú engir

fornir kastalar eða önnur slík glæsihýsi, við getum ekki stært okkur af sigrum í stórum styrjöldum – sennilega sem betur fer – og þrátt fyrir hetjulega tilburði er heildaruppskera okkar á Ólympíuleikum á við það sem margar stærri þjóðir ná á fyrsta degi hverra leika fyrir sig. En við eigum tunguna, og þá menningu og sögu sem hún geymir og hefur geymt með heildstæðari og óbrottnari hætti en víðast þekkist. Þessu hefur Vigdís verið óþreytandi við að halda á lofti, jafnt innanlands sem utan-, og hún á mikinn þátt í því að enn streymir drjúg næring um þann naflastreng sem tengir nútíma Íslendinga við uppruna sinn, eins og hann birtist í sagnaarfi okkar og öðrum fornbókmenntum. Það er heldur ekki svo að Vigdís hafi eingöngu horft til fortíðar því hún hefur ekki síður látið til sín taka sem eins konar fóstur íslensku samtímans. Marta Nordal rakti hér rétt í þessu áhrif Vigdísar á íslenskt leikhúslíf, en þau birtast vitaskuld ekki síst í notkun íslenskunnar sem máls leikhúsa og leikritunar, og Vigdís hefur með einum eða öðrum hætti stutt við bakið á svo til öllum sviðum íslensks máls og málnotkunar. Þannig hefur hún t.a.m. verið verndari jafnt ýmiss konar útgáfustarfsemi, íslenskuverðlauna unga fólksins í Reykjavík sem norrænna táknmála. Til frekara vitnis um nútímalega sýn Vigdísar má svo nefna að svo seint sem fyrir þremur vikum mátti sjá í fréttum að hún var fyrst til að leggja raddsyni til verkefnis á vegum Almennaróms, miðstöðvar um málverkni, sem snýst um tryggja að íslenska verði nothæf í samskiptum við tölvur og tæki. Mörgum kann að þykja það heldur óspennandi að tala mikið við tölvur og tæki en það má þó færa sterk rök fyrir því að það að gera íslensku gjaldgenga í þeim raf- og stafræna heimi sem við lifum í í dag sé ein meginforsenda þess að hún haldist yfirleitt á lífi. Vigdís hefur augljóslega gert sér grein fyrir þessu. Það sem ég hef tínt hér til er auðvitað bara lítið brot af framlagi Vigdísar til íslensks máls en þegar það er tekið saman má ljóst vera að það var næg innistæða fyrir því að Vigdís voru veitt verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu árið 2010.

Yfirskrift þessarar tölu minnar er málheimar Vigdísar. Þarna er meðvitað talað í fleirtölu, þ.e. um marga heima, enda er það engan veginn svo að Vigdís hafi eingöngu talað máli íslenskunnar – og þaðan af síður verður því haldið fram að íslenskan sé eina málið sem hún talar. Líkast til eru tengsl hennar við Frakkland og frönsku hvað þekktust enda lærði hún frönsku og franskar bókmenntir við háskólana í Grenoble og Sorbonne í París og kenndi síðar frönsku við Menntaskólann í Reykjavík og Menntaskólann við Hamrahlíð, auk þess að annast frönskukennslu í sjónvarpinu árin 1971-72. Hún stundaði þó líka enskunám á háskólastigi og raunar hefur það oft vakið athygli hve vel hún er mælt á tungur flestra þeirra þjóða sem við eigum hvað mest samskipti við. Það er því vel við hæfi að árið 2001 var sett á laggirnar Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, sem er rannsóknastofnun innan

Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Þar fer nú fram fjölþætt starfsemi á þessu sviði sem hefur m.a. leitt til mikillar aukningar á rannsóknum á erlendum tungumálum hér á landi, útgáfu ýmiss konar fræðiritra, ráðstefnuhalds og margháttaðs samstarfs við erlenda háskóla. Þessa starfsemi alla hefur Vigdís stutt dyggilega.

Ég held að mikilvægi stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur – og annarra stofnana af sama toga – verði seint ofmetið. Sem málfræðingi sárnar mér oft að sjá hve aðþrengdar málabrautir eru víða í íslenskum framhaldsskólum, sem er sennilega um margt bein afleiðing þeirrar umræðu sem ég verð var við með reglulegu millibili að tungumálanám sé nú ekkert sérlega praktískt; það sé nóg að vera bara þokkalega að sér í ensku til að geta átt samskipti við umheiminn. Fátt er fjær sanni og hér má einu sinni sem oftast horfa til Vigdísar en hún hefur margoft greint frá því hve vel það hafi nýst henni sem forseta að kunna erlend tungumál. Tungumál eru enda ekki bara eitthvert kerfi tákna sem við notum til að geta komið skilaboðum á milli okkar heldur fela þau í sér lykilinn að þeirri menningu sem liggur að baki hverju máli fyrir sig og auka skilning á milli menningarheima. Og ef við viljum nú endilega setja einhvern hagrænan mælikvarða á gildi tungumála hefur Vigdís líka margsinnis bent á mikilvægi þess að kunna erlend tungumál þegar staðið er í alþjóðlegum viðskiptum, enda held ég að það megi halda því fram að viðskipti sem fara fram án þess gagnkvæma skilnings og virðingar sem myndast í gegnum þekkingu á tungu og menningu þess sem samið er við breytist fljótt úr við-skiptum í einhvers konar yfirgang eins gagnvart öðrum.

Í þessu samhengi held ég svo að okkur sé líka hollt að muna orð Vigdísar, sem ég er þó ekki viss um að hún muni sjálf, en hafa setið í mér síðan hún lét þau falla í ávarpi við setningu málvísindaráðstefnu sem ég sat í Gautaborg vorið 2002. Þar sagði hún frá íslenskum manni sem hafði einhverjar áhyggjur af því að tjá sig á erlendri grundu þar sem hann kynni viðkomandi mál ekki fullkomlega og talaði með sterkum íslenskum hreim. Vigdís benti honum á að hafa ekki áhyggjur af því enda hefði hún sjaldnast heyrt útlendinga tala íslensku hreimlaust. Þetta væri fullkomlega eðlilegt í hvora áttina sem væri og ekkert til að skammast sín fyrir. Með öðrum orðum felst virðingin og skilningurinn ekki í fullkomnuninni sem sjaldnast næst heldur í útréttri hönd viðleitninnar.

Mig langar til að enda þetta stutta yfirlit yfir málheima Vigdísar með því að vekja sérstaka athygli á ákveðnu embætti sem hún hefur gegnt síðan 1999, en þá var hún skipuð velgjörðarsendiherra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í tungumálum. Þessi nafnbót, sem Vigdís er ein um að hafa hlotið, er oftast en ekki nefnd þegar ferill hennar er rakinn, en það er þá iðulega í hálfgerðu framhjáhlupi og ég hugsa að fæstir geri

sér grein fyrir því hvað felst í henni. Í sem stystu máli er það hlutverk Vigdísar sem þessa velgjörðarsendiherra að vekja athygli á mikilvægi tungumála fyrir menningarlega fjölbreytni og standa vörð um tungumál sem eru í útrýmingarhættu. Skemmst er frá því að segja að heimsbyggðinni veitir ekkert af talsmanni af þessum toga. Af þeim u.þ.b. 6000 tungumálum sem töluð eru í heiminum í dag er um helmingur talaður af innan við 3000 manns og 400-500 þeirra teljast vera í bráðri útrýmingarhættu þar sem þau eru aðeins töluð af litlum hópi eldra fólks, án nauðsynlegrar endurnýjunar úr yngri kynslóðinni. Varlegt mat sérfræðinga er að innan næstu 50 ára deyi út um helmingur þeirra mála sem við þekkjum í dag. Þetta kemur að miklu leyti til af beinum og óbeinum þrýstingi frá ensku og öðrum stærri tungumálum og víða er beinlínis unnið gegn minnihlutamálum í nafni einhvers konar þjóðareiningar og hagkvæmni.

Það má vel vera að þessi þróun sé um margt eðlileg og jafnvel óhjákvæmileg á dögum hnattvæðingar og sjálfsagt væri það að ýmsu leyti þægilegra að við töluðum bara öll ensku eða eitthvert annað stórt tungumál. Svei mér þá ef það gæti ekki líka hreinlega stuðlað að auknum hagvexti, þessu meinta lykilorði mannkynsins síðustu áratugina. En með sama hætti og okkur hrýs nú hugur við hnattrænni hlýnun og þeim samdrætti í líffræðilegum fjölbreytileika sem henni fylgir held ég að allt hugsandi fólk hljóti að hafa ákveðnar áhyggjur af stórfelldum missi tungumála. Hverju og einu þeirra fylgir nefnilega heill heimur menningar og sögu, jafnvel þó aðeins nokkrir tugir tali viðkomandi mál, og rétt eins og falleg íslensk heiðalönd yrðu leiðigjörn til lengdar ef við sæjum aldrei annað landslag, og dygðu seint ein og sér til að tryggja lífvænlegt jafnvægi í lofthjúpunum, er hætt við því að mannsandinn verði fljótt fyrir súrefnisskortri þurfi hann að þrífast á einni tungu, einni menningu og einni sögu. Það er því þakkarvert að við – í víðtækri merkingu þess orðs – skulum í Vigdísí Finnbogadóttur eiga eins konar Gretu Thunberg tungumálanna, bara örlítið rosknari og lífsreyndari.

Takk fyrir